

Mál nr. 143/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að ekkert rafmagn hafi verið í húsnæði M þegar starfsfólk mætti til vinnu 14. mars sl. og hafi brunakerfi hússins verið dæmt ónýtt vegna straumrofs sem og hafi sjálfvirk hurðaopnun hætt að virka og hitakerfi. Af gögnum málsins má ætla að rafmagnsleysið sé hægt að rekja til þess að vatn hafi komist inn á heimtaugarstrengi í jörð við húsnæði M. Þeir heimtaugarstrengir eru í eigu X.

Rökstuðningur í málskoti af hálfu M bendir ekki til annars en að M telji X bera ábyrgð á tjóni sem hafi orðið vegna rafmagnsleysis og vísar því á bug að girðingarstaurar sem settir hafi verið niður af hálfu M 8-9 árum áður hafi leitt til tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M á brunakerfi verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna X. Við skoðun X á vettvangi hafi komið fram að vatn hafi komist inn á heimtaugarstrengi en kápa utan um strengina hafi verið götuð vegna girðingarstaura, sem settir hafi verið niður af M. V bendir á að M hafi ekki fengið upplýsingar frá X áður en girðing var sett niður og hafi starfsmenn X ekki vitað af skemmdum á kápu utan um strengina. V bendir einnig á að úrkoma hafi sjaldan mælst meiri en árið 2022 og því sé ekki óeðlilegt að tjón komi ekki fram fyrr en nú þó girðingarstaurarnir hafi verið settir niður nokkru fyrr.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á brunakerfi í húsnæði M, en af gögnum málsins má ætla að það hafi skemmst vegna rafmagnsleysis sem leiddi af því að strengur í eigu X hætti að virka þar sem vatn komst að honum. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti fyrir fyrir hendi verður að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vitað að hætta væri á því að vatn kæmist að heimtaugarstrengjum eða að viðhald hafi með einhverjum hætti verið vanrækt. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir